

Skautasamband Íslands

Mótahandbók



Efnisyfirlit

Mótanefnd ÍSS.....	3
Reglugerðir og leiðbeiningar	3
Mótatilkynningar.....	3
Almennar upplýsingar	3
Tímaáætlun	3
Birting keppendalista og keppnisraðar.....	4
Innihaldslýsingar og tónlist.....	4
Keppnis- og dómaragjöld	4
Forföll	4
Tæknibúnaður og dómaramanell	4
Alþjóðleg mót / ISU mót.....	4
ÍSS mót	4
Millifélagamót / Innanfélagsmót / Interclub mót	4
Dómarakerfi	5
IJS dómaramakerfið.....	5
IJS dómaramakerfið á pappír.....	5
Keppniskerfi félaga	6
Starfsmenn á mótum.....	6
Aðili mótanefndar – ISU, alþjóðleg og ÍSS mót.....	6
Mótsstjóri og aðstoðarmótsstjóri.....	6
Kynnir, tónlistarstjóri og tímavörður	7
Móttaka og hliðarvörður	8
Yfirdómari (referee) og tæknistjórnandi (TC).....	9
Reiknimeistarar	9
Önnur störf	9
Framkvæmd móts	10
Aðalæfingar (Official Practice).....	10
Keppnisröð	10
Upphitun	10
Upplestur einkunna og úrslita	11

Verðlaunaafhending.....	11
Basic Novice B, Advanced Novice, Junior & Senior	12
Basic Novice A, Chicks & Cubs	12
Úrslit móta.....	12
Kærur.....	12
Skýrsla yfirdómara.....	12

Mótanefnd ÍSS

Mótanefnd starfar eftir reglugerð um mótanefnd. Nefndin skal hafa eftirlit með öllum mótum á listskautum á landinu og fylgjast með hvort framkvæmd móta sé fullnægjandi. Mótsstjórar félaga eru tengiliðir aðildafélaga við ÍSS og fara samskipti aðildafélaga vegna móta í gegn um þá við mótanefnd.

Reglugerðir og leiðbeiningar

Allar nauðsynlegar reglur og eyðublöð má finna á heimasíðu ÍSS, ISU og ÍSÍ.

- ISU Constitution and General Regulations - <http://isu.org/isu-statutes-constitution-regulations-technical/54-constitution-and-general-regulations-2016/file>
- ISU Special Regulations and Technical Rules - <http://isu.org/isu-statutes-constitution-regulations-technical/special-regulations-and-technical-rules/52-2016-special-regulation-sandp-and-ice-dance-and-technical-rules-sandp-and-id-final/file>
- Móta- og keppendareglur ÍSÍ
- Keppnisreglur ÍSS
- Reglugerð ÍSS um mótanefnd og mót.
- Listi yfir starfandi dómara og tæknifólk
- Leiðbeiningar fyrir kynni á mótum
- Skýrsla yfirdómara

Mótatilkynningar

Gera skal mótstilkynningu fyrir öll mót og hún send þeim sem boðið er á mótin. Afrit af mótatilkynningum annarra móta en ÍSS móta skal einnig senda til ÍSS. **Eyðublöð sem nota skal við t.d. innihaldslýsingar og keppendalistar má finna á heimasíðu ÍSS.**

Almennar upplýsingar

Í tilkynningu skal tekið fram hver mótshaldari og mótsstaður er, dagsetning og fyrir hvaða keppnisflokka mótið er. Einnig skal upplýst um hvaða dómarkerfi verður notað, hvernig fyrirkomulag verðlauna verður og hvernig innihaldslýsingum og keppendalistum skal skilað. Upplýsa skal hvernig birtingu keppendalista verður háttað sem og keppnisröð eftir útdrátt.

Tímaáætlun

Birta skal grófa tímaáætlun í mótstilkynningu þ.e. frá hvaða degi og til hvaða dags mótið er haldið. Nákvæmari tímaáætlun skal birta á heimasíðu mótshaldara við fyrsta tækifæri.

Birting keppendalista og keppnisraðar

Birta skal keppendalista minnst viku fyrir mót og skal getið í mótstilkynningu með hvaða hætti þeir verða birtir. Birta skal keppnisröð keppenda strax eftir útdrátt og gerð aðgengileg á heimasíðu og/eða á keppnisstað.

Innihaldslýsingar og tónlist

Í þeim keppnum sem innihaldslýsinga prógrama keppenda er þörf skal geta til um skilafrest gagna (2 vikur). Innihaldslýsingar eru slegnar inn í IJS calc til hagræðingar fyrir dómara og tæknipanel.

Tónlist skal skilað inn á mp3 formi 2 vikum fyrir mót.

Keppnis- og dómara gjöld

Keppnis og dómara gjöld skulu greidd fyrir tilskilinn frest sem gefinn er upp í mótstilkynningu. Gjöld skulu lögð inn á reikning sem þar er gefinn upp og hvert skuli senda tilkynningu um greiðslu.

Forföll

Tilkynna þarf forföll keppenda eins fljótt og kostur er. Fyrir mót skal tilkynna forföll keppenda með tölvupósti til mótshaldara. Eftir að mót er hafið skal tilkynna forföll til mótstjóra.

Tæknibúnaður og dómara panel

ÍSS skilgreinir mismunandi stig keppna á mótum á Íslandi í reglugerð um mót. Tegund mótanna kallar á mismunandi samsetningu panels og tæknibúnaðar. ÍSS sér um að manna mót á sínum vegum en félögin eru ábyrg fyrir að manna mót sem þau halda hvort sem um er að ræða millifélagamót, innanfélagsmót eða önnur alþjóðleg mót. Við mönnun móta skal fara eftir reglum ÍSS.

Alþjóðleg mót / ISU mót

Alþjóðleg mót eru skipulögð af ÍSS í samstarfi við aðilafélög. Á alþjóðlegum mótum skal mönnun eiga sér stað skv. reglum ISU (sjá nánar nýjustu útgáfu Constitution & General Regulations).

ÍSS mót

ÍSS mót eru mönnuð af ÍSS og skulu dómara og tæknisérfræðingar vera að lágmarki með landsdómara réttindi í ISU keppnisflokkum. ÍSS hefur heimild til að setja dómara með almenn dómara réttindi í yngri flokka. Ef þörf krefur hefur ÍSS heimild til að setja dómara með almenn dómara réttindi í ISU flokk þó að lágmarki 1 á hvern panel.

Millifélagamót / Innanfélagsmót / Interclub mót

Keppnisflokkar félaga

Dómara skulu vera með dómara réttindi í keppnisflokkum félaga.

Keppniflokkar ÍSS

Dómarar og tæknisérfræðingar skulu vera með dómaraáttindi í keppnisflokkum ÍSS.

Dómarakerfi

Útfærslur dómarakerfa fara eftir umfangi móts og hvaða kerfi er verið að nota. Tölvakerfið ber heitið ISU Judging System (IJS) og er nota í Keppnisflokkum ÍSS. Í keppnisflokkum félaga er notast við stjórnakerfið. ÍSS notar IJS dómarakerfi frá ISU.

Upplýsingar um kerfið má finna á www.isujudgingsystem.com

IJS dómarakerfið

Notast skal við allt tölvakerfi IJS þegar um **ISU mót, alþjóðleg mót og ÍSS mót** er að ræða þ.e. tölvuskjá, headsett og annan aukabúnað.

Þegar allt tölvakerfið er notað þarf tæknimann. Tæknimaður fylgist með og setur upp IJS tölvakerfið og sér til þess að allt virki sem skyldi. Ef upp koma villur eða bilanir á keppni sér tæknimaður um úrlausn mála. ÍSS útvegar tæknimann með kerfi í sinni eigu.

Tæknibúnaður	Starfsmenn	Úrslit
Allt tölvakerfi notað	<ul style="list-style-type: none">• 3-5 Dómarar (Referee)• 1 Tæknistjórnandi (TC)• 2 Tæknisérfræðingur (TS)• 1 Aðstoðartæknisérfr. (ATS)• 1 Vídeóklippari• 1 Gangainnsláttur (DRO)• 1-2 Tæknimaður, eftir þörfum• 1-2 Starfsmenn á kameru• Tímavörður	<ul style="list-style-type: none">• ISU - Calc• Referee• TC

IJS dómarakerfið á pappír

Notast skal við pappírsútgáfu IJS dómarakerfs þegar um **millifélagamót / innanfélagsmót / Interclub mót** er að ræða þar sem keppnisflokkar ÍSS keppa. Aðildafélögum er heimilt að leigja höfuðtöl, kameru og tölvu frá ÍSS.

Tæknibúnaður	Starfsmenn	Úrslit
<ul style="list-style-type: none">• ISU – calc• 2 tölvur• 3 headsett• Camera	<ul style="list-style-type: none">• 3-5 Dómarar (Referee)• Tæknistjórnandi (TC)• Tæknisérfræðingur (TS)• 2 Reiknimeistarar• Tímavörður• Hlauparar	<ul style="list-style-type: none">• ISU - calc• Reiknimeistari• Referee• TC

Keppniskerfi félaga

Á millifélagamótum og innanfélagsmótum þar sem keppnisflokkar félaganna keppa er notast við félagakerfið. Dómarablöð má finna á heimasíðu ÍSS, www.iceskate.is.

Tölvubúnaður	Starfsmenn	Úrslit
<ul style="list-style-type: none">• 2 tölvur	<ul style="list-style-type: none">• 3 Dómarar (Referee)• 2 Reiknimeistarar• Tímavörður• Hlauparar	<ul style="list-style-type: none">• Reiknimeistari• Yfirdómari

Starfsmenn á mótum

Á ISU mótum, alþjóðlegum mótum og ÍSS mótum skal mótanefnd ÍSS vera í forsvari fyrir framkvæmd mótanna. Í nefndinn skulu starfa mótstjórar allra félaga. Mótstjórar hvers aðildafélags er ábyrgðaraðili þegar um millifélagamót og innanfélagsmót er að ræða. Öll starfsgildi þurfa að vera til staðar á hverju móti, burtséð frá því hvort um ÍSS mót eða innanfélagsmót er að ræða.

Aðili mótanefndar – ISU, alþjóðleg og ÍSS mót

Mótanefnd er ábyrg fyrir framkvæmd og skipulagningu ÍSS móta sem og alþjóðlegra móta. Í nefndinni starfa mótsstjórar allra aðildarfélaga. Mótanefnd er ábyrg fyrir að manna dómara- og tæknipanel. Öllum fyrirspurnum s.s. samskipti við fjölmiðla skal beint til skrifstofu ÍSS.

Mótsstjóri og aðstoðarmótsstjóri

Mótsstjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og skipulagningu á mótsstað. Manna skal í allar stöðu sem þarf til að hægt sé að halda mótið sem og gæta skal að allur búnaður sé til staðar sem þarf. Sé um að ræða mót á forræði aðildarfélaga sér mótsstjóri um alla framkvæmd mótanna sem og mönnun dómara- og tæknipanel.

Mótsstjóri þarf að kynna sér reglur ÍSS og ISU þegar kemur að mótahaldi.

Mótsstjóri skal hafa aðstoðarmótsstjóra. Aðstoðarmótsstjóri gengur í öll störf mótstjóra í forföllum hans og skal hann auðkenndur líkt og mótsstjóri. Mótsstjóri skal sjá til að eftirfarandi atriði séu uppfyllt í samstarfi við starfsmann skrifstofu ÍSS:

- **Starfsfólk:** Nægt starfsfólk þarf að vera til staðar til að koma í veg fyrir ónauðsynlegar tafir: Hliðverðir, tónlistarstjórar, kynnar, tímaverðir, hlauparar, blómabörn, starfsfólk í móttöku, o.s.frv.
- **Upplýsingaflæði:** Æskilegt er að halda fund með starfsfólki fyrir mót. Gott er að gera lista yfir starfsfólk mótsins sem er aðgengilegur fyrir alla.
- **Yfirseta tölvukerfis:** Ef gert er hlé á keppni án þess að dómakerfi sé tekið niður þarf að útvega fólk sem situr yfir á meðan almenningi er hleypt á ísinn. **Dómarakerfi ÍSS má ekki skilja eftir eftirlitslaust.**
- **Nafnspjöld:** Starfsmenn mótsins s.s. mótsstjóri og aðrir ábyrgðaraðilar þurfa að vera auðkenndir.

- **Ritföng:** Flautur, skeiðklukkur, pappír, blýantar, pennar, heftarar, gatari, ljósritunarvél/prentari þurfa að vera tiltæk (kassi hjá ÍSS). Blek/toner í prenturum og ljósritunarvél þurfa að vera í lagi
- **Dagskrá og keppendalisti:** Dagskrá móts og keppendalisti þurfa að vera aðgengileg öllum sem þess óska. Hengja skal hvort tveggja upp á áberandi stöðum á mótsstað. Koma skal fram í dagskrá móts frá hvaða aðildarfélagi/landi keppandi kemur.
- **Heflun:** Mótsstjóri þarf að hafa samráð við rekstaraðila íssins um heflun, tímaáætlun o.s.frv. Gott er að minna á að ísinn þarf að uppfylla kröfur um hitastig fyrir listhlaup ca. -5 °C.
- **Lýsing og tónlist:** Athuga að öll ljós yfir ís séu kveikt og sérstaklega að athuga að hljóðkerfi sé í lagi og rétt stillt.
- **Keppnisröð:** Útdrátt má gera í IJS-tölvukerfi eða með númeruðum teningum. Eftir stutt prógram hjá Fullorðinsflokki (Senior), Unglingaflokki (Junior) og Stúlkna/Drengjaflokki (Advanced Novice) miðast keppnisröð við niðurstöðu eftir fyrri keppnisdag skv. Mótareglum ISU (sjá nýjustu útgáfu af Special Regulations & Technical Rules).
- **Birting úrslita:** Birting úrslita skal fara fram í samræmi við reglur (sjá kafla um verðlaunaafhendingu). Mótsstjóri er ábyrgur fyrir að birting úrslita fyrir verðlaunaafhendingu sé eftir settum reglum.
- **Verðlaun/viðurkenningar:** Panta þarf verðlaunapeninga ef um millifélagamót eða innanfélagsmót er að ræða. ÍSS sér um verðlaunapeninga/bikara á ÍSS mótum.
- **Verðlaunapallur:** Séð skal til þess að verðlaunapallur og dregill sé til staðar og snyrtilegur.
- Gott er fyrir mótshaldara að hafa í huga að útvega gestafélögum einn til tvo ístíma fyrir keppni ef hægt er.
- **Fyrir starfsmenn á panel:** Útvega þarf teppi og/eða hitara fyrir dómara, tæknisérfræðinga og annað starfsfólk á panel. Einnig þurfa að vera til skeiðklukkur hjá aðildarfélögum til tímatöku. Til staðar þurfa að vera talstöðvar (labb-rabb) til að yfirdómari geti átt samskipti við kynni ef um innanfélags- eða millifélagamót er að ræða.
- **Aðstaða fyrir dómara og tæknifólk:** Mótsstjóri sér til þess að dómara og tæknifólk hafi sér aðstöðu í hléum. Sjá þarf til þess að til staðar séu heitar veitingar í hléum (t.d. kaffi, kakó, súpa) auk brauðmetis eða léttrar máltíðar. Mótshaldari sér um veitingar og kostnað vegna þeirra. Umgangur hjá dómurum/tæknifólki á meðan móti stendur er ekki leyfilegur óviðkomandi, hvorki á panel né í aðstöðu þeirra í hléum.
- **Skýrsla um mót:** Yfirdómara ber að skila skýrslu um öll mót á þeirra vegum til mótanefndar ÍSS. Þetta á við um öll mót (innanfélags-, millifélaga- og ÍSS mót). Skýrslan skal vera undirrituð af yfirdómara og mótsstjóra og send skautasambandinu innan tveggja vikna frá mótslokum. Skýrslunni skal skilað á eyðublaði sem finna má á heimasíðu ÍSS (ISU regla 433).

Kynnir, tónlistarstjóri og tímavörður

Kynnir, tónlistarstjóri og tímavörður þurfa að vera til staðar á aðalæfingum/"Official practice".

Æskilegt er að sama manneskja sé á aðalæfingum/"Official practice" og keppni.

Verkefni kynnis eru eftirfarandi:

- Upplestur á nöfnum starfsmanna á panel, keppenda, einkunnir, verðlaunahafa og tilkynningar frá mótshaldara. Mikilvægt er að hann sé skýrmæltur og geti unnið undir álagi. **Kynnir skal nota þann texta sem kemur fram á kynnisblöðum gefnum út af ÍSS.** Leiðbeiningar er að finna á heimasíðu ÍSS. Mikilvægt að kynna sér leiðbeiningarnar með góðum fyrirvara fyrir mót. **ATH!** Annað form kynningar er notað á aðalæfingum/“Official practice” (á við um ÍSS, ISU og alþjóðleg mót).
- Ábyrgur fyrir kynningu og endurspilun tónlistar.
- **Fylgja leiðbeiningum yfirdómara um fyrirkomulag.** Gott er að ræða við yfirdómara fyrir mót ef því verður við komið. Kynnir þarf að geta haft samband við yfirdómara (referee). Notast er við tölvur á ÍSS mótum en annars þurfa a vera til staðar talstöðvar til að yfirdómari og kynnir geti átt samskipti.
- Tilkynna upphitunarhópa skv. kynnisblöðum og fylgja nákvæmlega leiðbeiningum yfirdómara þar um.
- Minna þarf áhorfendur á að ekki má nota myndavélar með flassi við myndatökur.
- Kynnir þarf að hafa skeiðklukku til tímatöku.
- **Kynnir er ábyrgur fyrir því að kveikt sé á tónlist skv. ISU reglum.**

Tónlistarstjóri er hægri hönd kynnis og sér um endurspilun tónlistar og styrk hennar. Ganga skal úr skugga um að hljóðkerfi séu rétt stillt **ÁÐUR EN KEPPNI HEFST**. Tónlistarstjórar þurfa að hafa náð 18 ára aldri.

Verkefni tónlistarstjóra eru að:

- Hafa dagskrá móts og keppendalista við hendina.
- Skrifa hjá sér nauðsynlegar upplýsingar um tónlistina (hækka og lækka) á aðalæfingu/“Official practice”
- Gæta skipulags við uppröðun tónlistar upphitunarhópa.
- Ekki má breyta styrk tónlistar á meðan á prógrami stendur nema yfirdómari gefi merki.
- Ef eitthvað ófyrirsjáanlegt gerist á ísnum skal tónlistarstjóri bíða eftir fyrirmælum frá yfirdómara.
- **Tónlistarstjóri skal gefa keppanda tíma til að koma sér fyrir á ísnum, gott er að telja hægt upp að þremur eftir að keppandi hefur tekið sér stöðu áður en kveikt er á tónlistinni.**
- **Kveikja á tónlist skv. ISU reglum. Fylgja skal fyrirmælum kynnis.**

Móttaka og hliðarvörður

Starfsmaður í móttöku þarf að hafa náð 18 ára aldri. Sjá þarf til þess að starfsmaður sé í móttöku fyrir bæði stutt og frjálst prógram.

Hlutverk starfsmanna í móttöku er að:

- Taka á móti keppendum og merkja við nafn þeirra. Ef keppandi hefur ekki mætt þarf að tilkynna það til mótsstjóra sem kemur upplýsingum til yfirdómara og síðan kynnis.
- Vísar keppendum í búningsherbergi.

Hlutverk hliðarvarðar er að:

- Tryggja að öll hlið sé lokuð meðan á keppni stendur.
- Opna og loka hliðinu fyrir keppendur þegar þeir fara inn/út af ísnum.
- Fylgjast með að röð keppenda sé skv. keppendalista og merkja við keppendur þegar upphitunarhópar fara inn á ísinn.
- Æskilegt er að hliðvörður sé viðstaddur á aðalæfingu/ “Official practice”.

Yfirdómari (referee) og tæknistjórnandi (TC)

Yfirdómari er yfirmaður dómaraþpanels og forsvarsmaður dómara- og tæknipanela á mótum.

Tæknistjórnandi er yfirmaður tæknipanela á mótum (Sjá ISU reglur 430, 431, 432).

Hlutverk yfirdómara:

- Er æðsta ákvörðunarvald á mótum.
- Sér um dómaraþfundum fyrir og eftir mót/keppnishluta (fyrir mót og round table discussions).
- Metur gæði íssins og gefur fyrirsmæli til mótstjóra ef þörf er á úrbótum.
- Gefur fyrirsmæli til kynnis um upphitunarhópa.
- Metur tímaramma skautara að startum (ISU regla 350), gefur fyrirsmæli til kynnis og er ábyrgur fyrir frádrætti í prógrami skv. ISU reglu 353 1n.
- Getur stöðvað keppni ef þörf krefur.
- Skal taka þátt í verðlaunaafhendingu ef hægt er.
- Undirritar úrslit.
- Úrskurða um vanhæfi.
- Úrskurða um kærur.
- Svvara fyrirspurnum um reglur ISU og ÍSS er varða keppnisreglur.

ATH! Yfirdómari getur óskað eftir aðstoð vegna tímatöku. Mótshaldari þarf að vera viðbúinn slíkri ósk.

Hlutverk tæknistjórnanda (ISU reglur 430, 431, 432):

- Staðfestir köll tæknipanela.
- Undirritar úrslit.
- Vinnur með yfirdómara við dómaraþfundum (round table) ef þarf.
- Sér um fundum tæknipanela fyrir og eftir mót.
- Skal taka þátt í verðlaunaafhendingu ef hægt er.

Reiknimeistarar

Reiknimeistarar eru þörf á mótum þar sem dæmt er á blöðum. Reiknimeistarar slá einkunnir dómara inn í IJS tölvukerfið ef um IJS kerfið er að ræða eða Excel ef um stjörnukerfi er að ræða. Æskilegt er að tveir reiknimeistarar séu starfandi á mótum til að koma í veg fyrir innsláttarvillur.

Önnur störf

Útvega þarf **hlaupara** á þeim mótum þar sem dæmt er af blöðum. Hlauparar taka við blöðum dómara- og tæknipanela og færa til reiknimeistara sem slá inn upplýsingarnar í IJS tölvukerfið.

Æskilegt er að **hjúkrunarfólk eða lækna**r séu viðstaddir keppni ef slys ber að höndum.

Framkvæmd móts

Aðalæfingar (Official Practice)

Halda skal aðalæfingu á Íslandsmóti fyrir þá sem keppa til Íslandsmeistaratitils í Fullorðinflokki (Senior), Unglingaflokki A (Junior) og Stúlkna-/Drengjaflokki (Advanced Novice). Halda má aðalæfingar á öðrum mótum ef þarf og því verður við komið.

Æskilegt er að ekki sé styttri tími en 3-4 klukkustundir á milli æfinga og keppni. Æfingatími er 30 mínútur á hvern keppnishóp og er miðaður við 6 keppendur. Hægt er að aðlaga æfingatíma að fjölda keppenda ef þjappa þarf saman hópum vegna fjölda keppenda eða tímaskorts. Tíminn er þá aukinn ef um fleiri en 6 keppendur er að ræða í hópi saman á æfingu. Æfingatími er aldrei styttri en 30 mínútur á hvern hóp.

Starfsfólk á aðalæfingu

- **Kynnir** – skv. kynnisblaði
- **Tónlistarstjóri/tímavörður** - Með klukku til að taka tímann og skrá athugasemdir t.d. endurspilunarstyrk tónlistar.
- **Hliðarvörður** - Listi yfir hópana.

Keppnisröð

Hægt er að draga rafrænt í IJS kerfinu eða með númeruðum teningum. Æskilegt er að tveir einstaklingar séu viðstaddir þegar dregið er og annar af þeim sé yfirdómari ef hægt er að koma því við. Keppnisröð skal birta á heimasíðu mótshaldara strax eftir útdrátt.

- Á ÍSS mótum er dregið rafrænt á skrifstofu ÍSS.
- Á millifélagamótum skulu mótstjórnar sjá um að dregið sé í keppnisflokka a.m.k. þremur dögum fyrir mót.

Þegar keppt er með tvö prógröm er keppnisröð sett inn í samræmi við ISU reglur.

Keppendum er skipt í hópa eftir því í hvaða sæti þeir lenda. Fjöldi í hóp ræðst eftir því hve margir keppendur eru t.d. ef sjö keppendur eru í keppnisflokki þá lenda keppendur í 5.-7. sæti eftir stutt prógram í fyrri upphitunarhópi og keppendur í 1.-4. sæti í seinni upphitunarhópi.

Upphitun

Upphitunarhópar eru skv. Special Regulation & Technical Rules (tafla I. 513 og II. 514). Ef ekki er hægt að skipta skauturum jafnt á milli hópa þá eru fleiri skautarar í síðasta upphitunarhóp t.d.

11 skautarar - 2 upphitunarhópar með 5 og 6 skauturum hvor.

13 skautarar - 3 upphitunarhópar með 4, 4 og 5 skauturum hver.

7 skautarar - 2 upphitunarhópar með 3 og 4 skauturum hvor.

Nánari upplýsingar um upphitunartíma er að finna í ISU Special Regulations and technical rules.

Keppnisflokkar	Upphitunartími	Max fjöldi í upphitun
Keppniskerfi ÍSS Fullorðinsflokkur (Senior) Unglingaflokkur (Junior) Fullorðinsflokkur (Adult)	6 mín.	6
Keppniskerfi ÍSS Stúlkna-/Drengjaflokkur (Advanced Novice)	6 mín	8
Keppniskerfi ÍSS Basic Novice A Basic Novice B Keppniskerfi félaga Fullorðinsflokkur (Senior) Unglingaflokkur (Junior)	5 mín	8
Keppniskerfi ÍSS Cubs, Chicks Keppniskerfi félaga Stúlkna-/Drengjaflokkur (Advanced Novice) 12 ára og yngri	4 mín	8
Keppniskerfi félaga 10 ára og yngri 8 ára og yngri 6 ára og yngri	3 mín.	8

Uppléstur einkunna og úrslita

Einkunnir eru eingöngu lesnar upp á mótum sem eru keyrð á öllu tölvukerfinu þ.e. ÍSS mótum og alþjóðlegum/ISU mótum. Kynnir les upp einkunnir skautara eftir að hann hefur lokið keppni.

Fullorðinsflokkur (Senior), Unglingaflokkur (Junior), Stúlkna-/Drengjaflokkur (Advanced Novice):

- Stutt prógram: Lesin er upp tæknieinkunn og heildareinkunn auk sætisraðar.
- Frjálst prógram: Lesin er upp tæknieinkunn og heildareinkunn ásamt heildareinkunn beggja prógrama og núverandi sætisraðar.

Basic Novice A, Basic Novice B og Fullorðinsflokkur (Adult):

- Lesin er upp tæknieinkunn og heildareinkunn og sætisröð.

Chicks og Cubs:

- Lesa skal upp heildareinkunn.

Verðlaunaafhending

Æskilegt er að mótsstjóri og yfirdómari sjái um að afhenda verðlaun. Tæknidómari geta einnig tekið þátt í verðlaunaafhendingu. Ef um tveggja eða þriggja daga mót er að ræða er heppilegra

að verðlaunaafhending sé tvískipt svo yngstu flokkarnir þurfi ekki að bíða alla keppnina til að klára verðlaunaafhendingu.

Basic Novice B, Advanced Novice, Junior & Senior

Lesi skal keppendur upp í úrslitaröð. Kynnir les upp úrslit af útprentuðu blaði frá reiknimeistara sem er undirritað af yfirdómara og tæknisérfæðingi (einungis yfirdómara í stjórnkerfi).

Basic Novice A, Chicks & Cubs

Í barnaflokkum skal fyrst afhenda verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin. Þátttökuviðurkenningar skulu síðan afhentar þar sem keppendur eru lesnir upp í **keppnisröð**. Síðast skulu afhent heiðursverðlaun eða verðlaun fyrir einstök afmörkuð atriði sem veitt eru af dómaraþingi.

Athugið!! EKKI skal afhenda verðlaun á verðlaunapalli eða lesa upp í hvaða sæti viðkomandi keppandi lendir í (eftir 3. sæti) er né einkunnir hans. Ekki skulu veittir titlar í Basic Novice A & B, Chicks og Cubs keppnisflokkum .

Úrslit móta

Úrslit úr öllum keppnisflokkum nema barnaflokkum skal birta um leið og þau hafa verið yfirfarin af yfirdómara og tæknistjórnanda (þar sem það á við) og fyrir verðlaunaafhendingu. Úrslitin skulu prentuð og hengd upp á áberandi stað á keppnisstað.

Úrslit úr IJS kerfi skulu tengd beint á heimasíðu mótshaldara (protokol, keppendalisti og listar yfir starfsmenn á panel þurfa að vera aðgengilegir).

Úrslit úr félagakerfi/stjórnkerfi skulu sett í heild sinni inn á heimasíðu mótshaldara. Senda þarf úrslit móta með skýrslu yfirdómara til ÍSS innan tveggja vikna frá mótslokum.

Kærur

Kærur eru meðhöndlaðar skv. ISU reglu 123 1), 2), 3), 4A) og 5) í Constitution and General regulations. Kærur skulu vera skriflegar. Yfirdómari móts úrskurðar í kærumálum og er úrskurður hans endanlegur.

Skýrsla yfirdómara

Yfirdómari skal gera mótaskýrslu fyrir hvert mót sem haldið er. Skýrslum skal skilað til ÍSS innan tveggja vikna frá mótslokum á events@iceskate.is. **Nota skal eyðublað sem finna má á heimasíðu ÍSS.** Skýrslur skulu vera undirritaðar af yfirdómara og staðfestar af mótstjóra móta.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram:

- Mótshaldari.

- Þátttakendur, fjöldi frá hverju félagi og í hverjum keppnisflokki. Fjöldi skráðir til leiks og fjöldi þeirra sem tók þátt.
- Tímaplan og dagskrá sem gefin er út vegna mótsins ef einhver er. Ef ekki er gefin út dagskrá skal þess getið í skýrslu.
- Hvaða dómaraakerfi er notað og fyrir hvaða keppnisflokka (Keppniskerfi ÍSS eða keppniskerfi félaga).
- Listi yfir dómara og tæknifólk á panel. Hafi ekki verið sami panell gegnumgangandi á mótinu þarf að geta þess hverjir dæmdu hvað.
- Hvort æfingadómarar hafi verið á mótinu.
- Úrslit mótsins í fyrstu þremur sætum allra flokka.
- Annað t.d.
 - hvort tókst að manna mótið skv. reglum ÍSS.
 - athugasemdir vegna framkvæmdar mótsins.
 - hvort kærur bárust (sem þurfa að fylgja með skýrslu).
 - annað sem mótsstjóri/yfirdómari telur mikilvægt að komi fram.

Uppfært 26/09/2017

Samþykkt af stjórn ÍSS